

Útgáfuáætlun Arion banka árið 2023

Áætlun Arion banka um fjármögnun á markaði árið 2023 á innlendum og erlendum vettvangi er eftirfarandi:

Sértryggð skuldabréf

Arion banki áætla að halda útboð sértryggðra skuldabréfa í hverjum mánuði. Heildarfjárhæð útgáfu sértryggðra skuldabréfa mun ráðast af markaðsaðstæðum og fjármögnunarþörf bankans. Að jafnaði mun útboð sértryggðra skuldabréfa fara fram fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og verða útboð tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland.

Hvort af útboði sértryggðra skuldabréfa verður ræðst m.a. af markaðsaðstæðum hverju sinni og þörf bankans fyrir fjármögnun hverju sinni. Arion banki leggur áherslu á seljanleika sértryggðra skuldabréfa og eru Landsbankinn, Íslandsbanki og Kvika banki viðskiptavakar sértryggðra skuldabréfa bankans. Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánnum.

Almenn skuldabréf í íslenskum krónum

Arion banki mun skoða að gefa út óveðtryggt skuldabréf í krónum. Tímasetning ræðst af markaðsaðstæðum og áhuga fjárfesta.

EMTN fjármögnun

Bankinn stefnir að því að ráðast í útgáfu markflokks óveðtryggðs skuldabréfs í samræmi við Euro Medium Term Note (EMTN) skuldaramma bankans á árinu

2023, en slík útgáfa er að jafnaði EUR 300 milljónir að stærð. Bankinn mun einnig gefa út smærri útgáfur eftir því sem markaðsaðstæður leyfa og ef þörf er á slíku við lausafjárstýringu.

Óveðtryggð skuldabréf sem kunna að vera gefin út á árinu munu flokkast sem ótryggð skuldabréf eða SP skuldabréf (e. Senior Preferred notes) samkvæmt ákvæði í grein 72b(2) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 575/2013.

Ekki er gert ráð fyrir útgáfu SNP skuldbréfa (e. Senior Non Preferred notes) eða skuldbréfa sem teljast til eiginfjárbáttar 2. Miðað við hagstæða samsetningu eiginfjárgrunns, þá hefur bankinn rými til að gefa skuldabréf sem teljast til viðbótar eigin fjár báttar 1. Slík útgáfa er háð markaðsaðstæðum hverju sinni.

Bankinn mun skoða endurkaup og endurfjármögnun á skuldabréfum sem teljast til eiginfjárbáttar 2 sem eru með innköllunarákvæði á árinu 2023.

Arion banki stefnir að því að halda áfram að auka fjölbreytni í fjármögnun. Bankinn mun skoða aðra fjármögnunarkosti og fjölga fjármögnunarleiðum sé það hagfelld fyrir bankann. Upphæðir og tímasetningar slíkrar fjármögnunar fara eftir markaðsaðstæðum og viðtökum fjárfesta almennt.

Arion banki áskilur sér rétt til að breyta þessari áætlun, þ.m.t. fella niður, fjölga eða breyta útboðsdögum, breyta áætlaðri útgáfufjárhæð og gera aðrar breytingar eins og þörf er á, án fyrirvara.